

**Snorri Sigurðsson - NI**

**Til** : Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS;Skipulagsstofnun - SLS  
**Frá** : Snorri Sigurðsson - NI  
**Heiti** : Umsögn NÍ  
**Málsnúmer.** : 202109050  
**Málsaðili** : Verkís hf  
**Efnisflokkur** : Umsögn  
**Skjalategund** : Innkomið skjal  
**Skráð dags** : 27.10.2021  
**Höfundur** : Snorri Sigurðsson - NI

**Viðhengi**[image001.png](#)[image002.png](#)

Góðan daginn, eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

-----

Tilvísun í mál nr.: 202109-0042 (LA, IAS, SS).

Í bréfi frá Skipulagsstofnun, dags. 30. september 2021, er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 um matsskylduákvörðun og varðar framkvæmd fiskvegar um jarðgöng við Barnafoss í Hvítá.

Fyrirhuguð framkvæmd er á friðlýstu svæði frá árinu 1987, náttúruvættinu Hraunfossar og Barnafoss. Þá njóta fossar sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga þ.s. stendur "*fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki*".

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn um framkvæmdina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

**Jarðfræði svæðisins**

Rannsóknir skortir á jarðfræði svæðisins sem fyrirhuguð jarðgöng liggja um. Í minnisblaði frá Eflu, "Aðstæður til jarðgangagerðar fyrir fiskveg við Barnafoss" er lagt mat á áætlaðar aðstæður til jarðgangagerðar á leið fiskvegar (bls. 2/7). Í því mati er stuðst við rannsóknir og kortlagningu (mkv. 1:100.00) Kristjáns Sæmundssonar og Horst Noll á Húsafellsmegineldstöðinni frá árinu 1974, ásamt ljósmyndum af svæðinu. Í niðurstöðum kemur fram (bls. 7/7) að aðstæður til jarðgangagerðar á svæðinu séu taldar þokkalegar en jafnframt lagðar til frekari rannsóknir s.s. með tveimur kjarnaborunum. Þá er einnig nefnt að helsta áskorun jarðgangagerðarinnar sé opnunin út í farveginn með sprengingu (lake tapping). Náttúrufræðistofnun telur að nauðsynlegt sé að rannsaka berggrunn svæðisins betur áður en farið er af stað í jarðgangagerð. Jarðfræði svæðisins er flókin, berggrunnurinn er margbreytilegur og ber þess merki um að vera í nálægð megineldstöðvar. Fram kemur í grein Kristjáns og Horst, en er ekki nefnt í minnisblaði Eflu, að á svæðinu sé að finna innskot og ummynduð berglög vegna jarðhita. Þar stendur: "[?] *einkum líparítganga og -bergstanda, sem mest ber á vestast í Húsafellsfjallinu og sjást t.d. við Hraunfossa og í Deildargili. Samfara innskotunum er mikil ummyndun, sem sýnir, að háhitasvæði hefur verið virkt í eldstöðinni um það leyti sem líparítgoshrinurnar gengu yfir.*" Þá er mikið um sprungur og misgengi innan svæðisins sem þarf að skoða, ásamt lekt berglaga.

Fyrirhuguð jarðgangagerð verður óafturkræf og felur í sér mikið rask á berggrunni svæðisins. Fyrir utan að ekki er að fullu ljóst hvernig berggrunnurinn mun reynast til jarðgangagerðar, þá eru alvarlegir óvissuþættir er varðar sprengingu ganganna út í farveg Hvítá. Framkvæmdin gæti haft varanleg áhrif á

nánasta umhverfi Barnafoss. Gera þarf mun betur grein fyrir gerð berggrunnins og framkvæmd jarðgangagerðar.

### Vatnsrennli um fiskveg

Á bls. 30 stendur: "Hagkvæmast er að rennli um fiskveg sé um 0,3 m<sup>3</sup>/s. Það samsvarar því vatni sem fer um sylluna ofan við Barnafoss, þar sem inntak jarðganga verður, sjá Mynd 7-7. Ætlunin er að nýta það vatn í fiskveginn og mun það því ekki sameinast Hvítá á ný ofan við Barnafoss eins og nú er. Hæðarborð verður nýtt til að miðla réttu vatnsmagni um fiskveginn og umframvatni stýrt frá honum sem falla mun fram af syllunni í Hvítá eins og nú er. Einnig verður hægt að loka fyrir vatnsrennlið vegna viðhalds og eftirlits."

Náttúrufræðistofnun telur að þetta þarfnist frekari útskýringar og hvernig gert sé ráð fyrir að halda réttu vatnsmagni í inntak jarðganganna. Á meðfylgjandi loftmynd frá 2019 sést greinilega að syllan getur verið vatnslaus og þarf að kanna hversu oft það gerist, s.s. hvort það sé árstíðabundið. Gera þarf líka grein fyrir lokum sem nefndar eru í texta og hvernig þeim er komið fyrir er t.d. gert ráð fyrir einhverskonar aðkomu eða veg að syllunni vegna framkvæmda? Hversu sýnilegar verða lokurnar?



Loftmyndir ehf. 2019 (map.is) ? Syllan vatnslaus.

Þá þarf að gera grein fyrir jökulhlaupum í Hvítá, en búast má við að þau verði reglulegur viðburður á komandi árum. Hvaða áhrif hafa slík hlaup á fiskveg um jarðgöng í Hvítá? Er gert ráð fyrir að hægt sé að skola út jarðgöngin ef leirefni jökulhlaupa setjast í þau?

### Lífríki Norðlingafljóts

Laxar hafa aldrei gengið upp í Norðlingafljót og er ljóst að ef af framkvæmdum verður mun það hafa áhrif á núverandi lífríki. Ekki er vitað hversu mikil þau áhrif verða og er nauðsynlegt að kanna það betur og leggja mat á mögulega áhættu fyrir t.d. staðbundna urriða- og bleikjustofna en einnig meta hver möguleg áhrif geta verið á annað lífríki í ánum. Það að laxastofninn gæti styrkst á svæðisbundna vísu með því að opna fyrir nýtt búsvæði þarf ekki að þýða að aðgerðin sé að öllu leyti sjálfbær eða jákvæð fyrir vistkerfi Norðlingafljóts. Slíkt þarf að meta á heildstæðan hátt.

### Samantekt

Í ljósi þessara ábendinga telur Náttúrufræðistofnun Íslands að ýmsa áhrifaþætti þurfi að kanna betur og að afla þurfi meiri upplýsinga um t.d. jarðfræði svæðisins og stöðugleika og eðli vatnsrennslis. Sökum þessa og staðsetningar framkvæmdarinnar innan friðlýsts náttúruvættis telur Náttúrufræðistofnun

framkvæmdina matsskylda. Í ljósi varúðarreglu 9. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og eðli náttúruverndarsvæðisins ætti ekki að fara í framkvæmdir af þessum toga ef óvissa er til staðar um áhrif hennar. Mat á umhverfisáhrifum ætti að geta dregið úr þeirri óvissu sem hér hefur verið bent á ef farið er í nauðsynlegar rannsóknir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS"  
**To:** "Móttaka - NI"  
**CC:**  
**Subject:** Umsagnarbeiðni - Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss (fyrri póstur var rangur)  
**Date:** 30.9.2021 10:33:04

Góðan dag

Stefán Stefánsson, Fljótstungu hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 15. september 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Náttúrufræðistofnun Íslands gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Náttúrufræðistofnun Íslands telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Náttúrufræðistofnun Íslands telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila er í viðhengi.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 29. október 2021 á tölvupóstföngin: [johanna.h.einarsdottir@skipulag.is](mailto:johanna.h.einarsdottir@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

Með kveðju,

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

---

**Jóhanna Hrund Einarsdóttir**  
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland ? Iceland

simi 595 4100, fax 595 4165  
johannahrund@skipulag.is  
www.skipulag.is  
www.facebook.com/skipulagsstofnun



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Reykjavík 28. október 2021  
MÍ202110-0129/ 6.07 / K.M.

## Efni: Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 30. sept. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts hyggst gera fiskveg í jarðgöngum við Barnafoss í Hvítá í Borgarfirði. Fyrirhuguð jarðgöng verða um 240 m löng. Op fiskvegarins til beggja enda verða að hálfu undir yfirborði og því mun efri hluti þeirra verða ofan vatnsborðs. Inntaksop fiskvegarins verður á syllu í suðurbakka Hvítár um 50 m ofan við Barnafoss. Op úttaks fiskvegarins verður við vatnsborð Hvítár í berginu undir útsýnispalli gegnt Hraunfosssum. Í skýrslu framkvæmdaraðilans segir að jarðbor verði staðsettur á athafnasvæði, yfir þeim stað sem jarðgöng muni liggja. Borað verði niður á sama dýpi og verður á gólfi ganganna og síðan verði göngin unnin þaðan til beggja átta að gangamunnum. Um 150 m<sup>2</sup> afgirt vinnusvæði verði staðsett er við hlið stígs á krossgötu sem liggur að Barnafossi. Innan þess vinnusvæðis verði afmarkað 35 m<sup>2</sup> borsvæði sem verður hið eiginlega athafnasvæði á yfirborði þar sem pallbor verði staðsettur.

Ekki er fjallað um fornleifar í skýrslu framkvæmdaraðilans. Árið 2005 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fornleifaskráning í Hvítársíðuhreppi*. Þar er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum á jörðinni Gilsbakka sem á land norðan Hvítár á þessu svæði. Þrjár fornleifar eru skráðar við Barnafoss. Þjóðsaga (MH-007:014) segir frá tveimur drengjum sem drukknuðu í ánni og móður þeirra sem lét brjóta niður steinboga sem legið hafði yfir ána og drengirnir duttu af niður í ána. Skv. 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) teljast *álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð* til fornleifa. Brú var fyrst byggð yfir Hvítá hjá Barnafossi árið 1891 (MH-007:015). Engin merki sjást lengur um þessa brú en ný brú var síðar byggð yfir ána. Í örnefnaskrá Gilsbakka


Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnvöldum og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

segir að frá Barnafossbrú liggja gata þvert yfir hraunið og að hún sé vörðuð. Í fornleifaskráningarskýrslunni segir að gatan (MH-007:016) liggja frá Barnafossbrú þvert yfir vesturhluta Gráhrauns, í gegnum Grenbollana og upp úr þeim yfir Stóraklif. Gatan sé mjög vel vörðuð þar sem hún liggja yfir hraunið og aldrei sé langt á milli varða. Um 50 vörður, um og yfir 1 m á hæð, séu við leiðina auk allmargra smærri varða. Vörðurnar séu allar hlaðnar úr hraungrýti, flestar kringlóttar neðst um 0,5 - 1 m í þvermál. Slóði liggja með vörðunum þvert yfir hraunið, misgreinilegur.

Fyrirhuguð framkvæmd er að mestu neðanjarðar. Eins og áður segir er gert ráð fyrir að borsvæðið verið 35 m<sup>2</sup> að stærð og að utan um það verði afgirt 150 m<sup>2</sup> vinnusvæði. Staðsetning svæðisins mun ekki hafa áhrif á fornleifar.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Jóhanna Hrund Einarsdóttir ([johanna.h.einarsdottir@skipulag.is](mailto:johanna.h.einarsdottir@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóhönnu Hrunnar Einarsdóttur  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2021  
UST202109-312/A.Þ.  
10.05.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirpurn – fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 30. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Stofnunin bendir á að framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. friðlýsingarskilmálum náttúruvættisins Hraunfossa og Barnafoss.

Með þessari umsögn er stofnunin aðeins að veita umsögn um matsskyldu framkvæmdar.

#### **Framkvæmdarlýsing**

Stefán Stefánsson, Fljótstungu, fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags og Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts (hér eftir nefndur framkvæmdaraðili) hyggst gera fiskveg í jarðgöngum/laxastiga sunnan Hvítár við Barnafoss. Gert er ráð fyrir að neðri endi fiskvegarins opnast út í Hvítá um 70 m neðan við göngubrú sem er yfir Hvítá skammt frá Barnafossi. Frá þeim stað mun fiskvegurinn liggja í jarðgöngum í bergi austur með Hvítá og opnast að ofanverðu um 40 m ofan við Barnafoss. Jarðgöngin verða í um 50 m fjarlægð frá árfarveginum og á um 10 m dýpi. Jarðgöngin eru um 240 m löng, 3,6 m á breidd og 4,1 m á hæð. Í göngunum verður svokallaður raufastigi og göngubraut til viðhalds og eftirlits við hlið hans. Ef af framkvæmdinni verður gæti laxveiði á Íslandi aukist um 2-3% á ári.

Umhverfisstofnun taldi árið 2018 að ekki skyldi ráðast í þessa framkvæmd þar sem umfang hennar væri það mikið og óafturkræft að áhrifin gætu orðið umtalsverð og að neikvæð áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins gætu einnig orðið umtalsverð.

#### **Umhverfisáhrif framkvæmdar**

Við mat á umhverfisáhrifum skal taka mið af umfangi og eðli framkvæmdar auk staðsetningar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti.

Niðurstaða tilkynningarskýrslu er að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda neikvæðum umhverfisáhrifum og að ekki sé um að ræða matsskylda framkvæmd. Fjallað er um áhrif á vernd, landslag og ásynnd, ferðamenn og útivistarfólk, vatnafar Hvítár og rennsli um Barnafoss, jarðmyndanir, lífríki Norðlingafljóts og samfélagsleg áhrif.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umfjöllun tilkynningarskýrslu:

### **Friðlýsingarskilmálar**

Hraunfossar og Barnafoss voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1987. Hraunfossar eru fagrir lindarfossar sem falla undir Hallmundarhrauni niður í Hvítá. Barnafoss er skammt ofan við Hraunfossa í stórbrotnu umhverfi. Fossinn er þekktur fyrir brýr og steinboga sem áin hefur markað í bergið.

Friðlýsingin var gerð með stoð í 22. gr. þág. náttúruverndarlaga nr. 47/1971. Samkvæmt ákvæðinu skyldi ekki einungis friðlýsa umrætt náttúruvætti heldur einnig svæðið í kringum það eins og þurfti til að náttúruvættið fengi notið sín, sbr. 2. mgr. Lögunum var m.a. ætlað að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt, sbr. 1. gr. þág. laga.

Framangreint gildir ennþá sbr. 2. másl. 1. mgr. 48. gr. núg. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sem kveður á um að friðlýsing náttúruvættis skuli jafnframt ná til svæðis í kringum það svo sem nauðsynlegt er til þess að það fái notið sín. Af þessu leiðir að friðlýsingin tekur bæði til fossanna og nánasta umhverfi þeirra.

Samkvæmt markmiðsákvæði núgildandi náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er lögunum m.a. ætlað að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru og tryggja eftir föngum þróun hennar á eigin forsendum, sbr. 1. gr. laganna.

Í framangreindu felst að horfa eigi til langs tíma og með hagsmuni komandi kynslóða í huga. Jafnframt að draga eigi úr áhrifum mannsins þannig að náttúran fái að þróast samkvæmt eigin lögmálum.

Skv. friðlýsingarskilmálum gilda um náttúruvættið eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.
2. Umferð um friðlýsta svæðið er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Í 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að Umhverfisstofnun geti, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar:

a. ef það stríðir ekki verulega gegn markmiði friðlýsingarinnar og hefur óveruleg áhrif á verndargildi þeirra náttúruminja sem friðlýsingin beinist að, eða

b. ef öryggissjónarmið eða mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess.

Umhverfisstofnun bendir því á að mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi stofnunarinnar. Rask á jarðmyndunum er óheimilt og ber því framkvæmdaraðila að óska eftir undanþágu frá reglum friðlýsingarinnar vegna jarðgangagerðarinnar. Stofnunin veitir aðeins undanþágu að uppfylltum framangreindum skilyrðum.

### **Sérstök vernd**

Umhverfisstofnun bendir á að Hraunfossar og Barnafoss og nánasta umhverfi þeirra njóta einnig sérstakrar verndar skv. b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvættis, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í



greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Til að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort skilyrðið um brýna nauðsyn sé uppfyllt segir í umfjöllun um ákvæði um sérstaka vernd í frumvarpi til laganna að allar framkvæmdir sem fela í sér slíka röskun skuli háðar framkvæmdaleyfi, eða eftir atvikum byggingarleyfi, og að skylt sé að leita umsagna viðkomandi fagstofnana. Þegar lagt er mat á leyfisumsókn er jafnframt skylt að líta til verndarmarkmiða 3. gr. laganna sem tekur til fossa o.fl. og huga að mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

### **Aðgæslu- og varúðarskylda**

Umhverfisstofnun telur rétt að benda á meginreglur náttúruverndarlaga, sbr. 6.-12. gr. Reglunum er m.a. ætlað að stuðla að því að markmið laganna náist og ber að leggja þær til grundvallar við framkvæmd laganna í heild.

Í 9. gr. er að finna varúðarreglu laganna. Varúðarreglan var sett fram sem 15. meginregla Ríó-yfirlýsingarinnar. Vísað er til hennar í inngangsorðum samningsins um líffræðilega fjölbreytni og í aðfaraorðum EES-samningsins og hún hefur verið útfærð t.d. í 2. mgr. 2. gr. OSPAR-samningsins. Reglan kemur einkum til skoðunar þegar óvissa er til staðar eða þekkingarskortur um afleiðingar ákvarðana sem áhrif kunna að hafa á náttúruna, þ.e. ákvarðana sem stefna að öðrum markmiðum en náttúruvernd, ekki síst ákvarðanir um ýmiss konar framkvæmdir sem áhrif geta haft á umhverfið.

Samkvæmt ákvæðinu skal, þegar tekin er ákvörðun án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim. Ákvæðið er eins og áður segir í anda 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar og felur í sér að sé óvissa um afleiðingar athafna, eða eftir atvikum athafnaleysis, skuli náttúran njóta vafans.

### **Bakkagróður**

Umhverfisstofnun bendir á að í 62. gr. náttúruverndarlaga er kveðið á um vernd bakkagróðurs og að leitast skuli við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að metin séu áhrif á bakkagróður, bæði á framkvæmda- og rekstrartíma.

### **Aur- og jökulhlaup**

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að meðalrennsli í Hvítá við Ásgil, skammt neðan við Hraunfossa, sé um 55 m<sup>3</sup>/s en hámarksrennsli um 350 m<sup>3</sup>/s. Þá segir að líklegast er að vetrarfloð verði þegar saman fer mikil úrkoma og asahlaka og jörð er freðin en að helstu flóðin séu á vorin. Ekki er fjallað um áhrif flóða á framkvæmdina.

Umhverfisstofnun bendir á að með aukinni bráðnun Langjökuls er líklegt að fjöldi flóða í Hvítá aukist auk þess sem magn leirs í ánni gæti aukist. Undanfarin 25 ár hefur Langjökull hopað stöðugt og hefur lón myndast suðaustan við Hafrafell. Í ágúst 2020

fylltist lónið sem olli jökulhlaupi í Hvítá. Skv. skýrslu sem Veðurstofa Íslands gerði í kjölfar flóðsins<sup>1</sup> segir að líklegt er að lónið muni stækka við frekara hop jökulsins á komandi árum. Mikilvægt er að metin séu áhrif flóða og sér í lagi aukinna flóða vegna loftslagsbreytinga á framkvæmdina.

### **Berglög**

Í viðauka H er minnisblað Eflu verkfræðistofu um aðstæður til jarðgangagerðar fyrir fiskveg við Barnafoss. Matið byggir á eldri heimildum um jarðfræði svæðisins og skoðun á ljósmyndum framkvæmdaraðila af berggrunni við farveg Hvítár við Barnafossvæðið. Í minnisblaðinu segir að flikrubergr vestan við svæði þar sem neðri munnur fiskvegar er ráðgerður sé líklega lélegt berg til jarðgangagerðar. Því sé líklegt að jarðgöng verði boruð í þykkri syrpu af þunnum þóleiít hraunlögum en þóleiít hraunlög geti verið mishagstæð til jarðgangagerðar. Misgengi og sprungur á svæðinu geta hugsanlega rýrt stæðni bergs töluvert.

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að gerðar séu frekari rannsóknir á berglögnum til að kanna raunverulega stöðu berglaga.

Skv. minnisblaðinu er helsta áskorun jarðgangagerðarinnar opnunin út í farveginn eða svokölluð „lake tapping“ sprenging. Umhverfisstofnun tekur undir það og bendir á að nauðsynlegt er að gert sé ítarlega grein fyrir því hvernig henni verði háttað.

### **Lífríki**

Í tilkynningarskýrslu er fjallað um áhrif á lífríki í Norðlingafljóti. Þá er sagt að göngur laxins munu ekki hafa áhrif á bleikju og urriða ofan Bjarnafoss en hvorki er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á Norðlingafljót fyrir neðan Bjarnafoss né áhrif á lífríki Hvítár fyrir ofan Barnafoss.

Í minnisblaði sem fylgir tilkynningarskýrslu (viðauki G) segir að gróður „ætti“ ekki að skerðast og að „í fljótu bragði“ verði ekki séð að framkvæmdin hafi áhrif á dýralíf að öðru leyti en því að lífríki Norðlingafljóts muni breytast. Einnig segir að ekki sé hægt að fullyrða hvort sú breyting leiði á endanum til þess að líffræðileg fjölbreytni vistkerfisins aukist eða skerðist.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gerðar séu ítarlegar rannsóknir á áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki fyrir ofan Barnafoss.

### **Ásýnd og upplifun gesta**

Líkt og fram hefur komið eru Hraunfossar og Barnafoss friðlýstir sem náttúruvætti. Náttúruvætti eru einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Fegurð og sérkenni svæðisins er því helsta markmið friðlýsingarinnar og því ber að sjá til þess að framkvæmdir í og við fossana vinni ekki gegn því markmiði.

Í tilkynningarskýrslu segir að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á ásýnd svæðisins þar sem inntaks- og úttaksop jarðganganna verði ekki sýnileg frá útsýnisþöllum. Þó segir að að mögulega mætti greina inntaksopið frá göngustíg sem leiðir út á útsýnisþall en gestir séu ekki endilega með hugann við útsýnið á leið sinni þangað.

---

<sup>1</sup> [https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2021/VI\\_2021\\_001.pdf](https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2021/VI_2021_001.pdf)

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gert sé ítarlegt mat á áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd svæðisins. Ekki sé nóg að gera ráð fyrir að gestir séu ekki með hugann við útsýnið þegar aðalástæða heimsóknar gesta á svæðið er að virða fyrir sér útsýni. Mikilvægt er að þessu séu gerð greinargóð skil.

### Vinnutæki og viðhald

Í kafla 7.3 í tilkynningarskýrslu er fjallað um hvernig vinnu við jarðgangagerð verður háttað auk þess sem talin eru upp þau tæki og vélar sem notuð verða. Ráðgert er að girða af 150 m<sup>2</sup> vinnusvæði en innan þess er 35 m<sup>2</sup> afmarkað borsvæði. Ætlunin er að bora niður og sprengja eftir því sem við á. Eftir að borað hefur verið á dýpi jarðganganna verða göngin unnin í austur og vestur að inn- og úttaki ganganna í Hvítá. Fram kemur að eftir að framkvæmdum við jarðgöng er lokið verður þeim lokað og jarðvegur settur ofan á. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er skýrt hvernig viðhaldi, hreinsun og vöktun ganganna verði sinnt. Mikilvægt er að því sé ítarlega lýst og metin áhrif viðhalds á ásýnd.

Umhverfisstofnun bendir auk þess á að skv. reglum friðlýsingarinnar er akstur utan vega og merktra slóða óheimill. Í viðauka D eru myndir af þeim vinnutækjum sem notuð verða. Stofnunin bendir á að landið þar sem fyrirhugað er að bora jarðgöngin er blautt og viðkvæmt og ekki vel til þess fallið að bera þung vinnutæki. Mikilvægt er að metin séu áhrif tækjanna á svæðið. Einnig er æskilegt að fjallað sé um hvernig gengið verði frá svæðinu ef hætt verður „rekstri.“ Stofnunin bendir enn fremur á að nú er verið að endurhanna svæðið og legu stíganna.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að ekki liggi fyrir nægilegar upplýsingar um áhrif framkvæmdarinnar á verndargildi friðlýsta svæðisins. Stofnunin telur líkur á að framkvæmdin geti haft áhrif á ásýnd svæðisins, jarðveg vegna umferðar vinnutækja, lífríki, upplifun gesta og geti þ.a.l. rýrt verndargildi náttúruvættisins.

Mikilvægt að engin óvissa ríki en lögum samkvæmt skal náttúran njóta vafans þegar óvissa ríkir um afleiðingar framkvæmda. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að sjá til þess að náttúran njóti vafans þegar óvissa ríkir um afleiðingar framkvæmda.

Til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort leyfi fyrir framkvæmdinni verði veitt þurfa áhrif framkvæmdarinnar að vera mjög skýr. Þörf er á frekari rannsóknum til að sýna fram á það.

Með vísan í framangreint er það mat Umhverfisstofnunar að ofangreind framkvæmd, eins og henni er lýst í tilkynningarskýrslu, sé líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og að nokkur óvissa ríki um áhrif framkvæmdarinnar á friðlýsta svæðið við Hraunfossa og Barnafoss. Stofnunin telur því að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
teymisstjóri



# HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 4. nóvember 2021

## Efni: Umsögn vegna fiskvegjar í jarðgöngum við Barnafoss

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna framkvæmda við gerð fiskvegjar um jarðgöng í landi náttúruvættisins Hraunfossar og Barnafoss í Hvítá í Borgarfirði. Markmið framkvæmdanna er að gera Hvítá laxgenga við Barnafoss og opna gönguleið fyrir lax upp í Norðlingafljót.

Hraunfossar og Barnafoss er friðlýst sem náttúruvætti og um það gilda eftirfarandi reglur (Stj.tíð B, nr. 410/1987):

1. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu er háðar leyfi [Umhverfisstofnunar]
2. Umferð um friðlýsta svæðið er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Samkvæmt skýrslu Verkís um framkvæmdina (Verkís 2021), er megin markmið framkvæmdarinnar að opna fyrir fiskgengd laxa upp fyrir Barnafoss og skapa þannig skilyrði fyrir 21 km langt laxveiðisvæði í Norðlingafljóti, frá ármótum Hvítár ofan við Barnafoss, upp að Bjarnafossi í Norðlingafljóti, sem ekki er fiskgengur.

Hvað varðar framkvæmdir við fyrirhugaðan fiskveg um Barnafoss er vel gerð grein fyrir framkvæmdinni sjálfri, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum. Helsta hætta fyrir lífríki Hvítár eru áhrif vegna gruggs frá framkvæmdastað og/eða mengunar frá tækjum og vélum sem notaðar eru við framkvæmdirnar. Þegar berst mikið magn aurs með árvatni Hvítár og ekki ætti að þurfa vera hætta á að grugg frá framkvæmdastað hafi varanleg neikvæð áhrif á lífríki neðan framkvæmdasvæðisins. Ef gætt er að þrifum og ástandi tækja og véla sem notaðar verða á framkvæmdastað er hættu á mengun haldið í lágmarki. Það er mat Hafrannsóknastofnunar að áhrif framkvæmda á lífríki Hvítár neðan Barnafossa ættu því að vera hverfandi og tímabundin meðan á framkvæmd stendur og ekki eru gerðar athugasemdir við þann þátt.

Hallmundarhraun er náttúrufyrirbæri sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013. Norðlingafljót rennur í jaðri Hallmundarhrauns og að hluta til í gegnum það. Norðlingafljót er ein af stærstu þverám Hvítár, 66 km að lengd og stærð vatnasviðsins er 920 km<sup>2</sup> (Sigurjón Rist 1990). Þar sem Norðlingafljót er ófiskgengt frá sjó hefur lax ekki náttúruleg heimkynni í vatnsfallinu. Staðbundinn urriði og bleikja eiga heimkynni ofan við Bjarnafoss, en neðan hans, á því svæði sem fyrirhugaða er að opna fyrir fiskgengd, hafa fundist urriðaseiði (Tumi Tómasson 1978). Líklegt má telja að þar sé einnig

staðbundin bleikja. Lax hefur um áratuga skeið verið fluttur upp í Norðlingafljót, ýmist laxaseiði (Tumi Tómasson 1978) eða fullorðinn hafbeitarlax til stangaveiði (Sigurður Már Einarsson 2001). Margt bendir til að Norðlingafljót sé frjósamt vatnsfall og skilyrði til uppvaxtar á seiðum laxfiska góð. Rannsóknir á öðru lífríki en laxfiskum hafa ekki farið fram í Norðlingafljóti og ekki liggur fyrir þekking á smádyralífi (hryggleysingjum), þörungum og botngróðri né mögulegri sérstöðu þess, umfram það sem búast mætti við út frá öðrum rannsóknum á sambærilegum vatnsföllum. Ætla má að tilkoma nýrrar fisktegundar í vistkerfi, hafi áhrif á það lífríki sem þar er fyrir. Hver breytingin verður er þó erfitt að sjá nákvæmlega fyrir, en fjölbreytni vistkerfisins getur ýmist aukist eða minnkað. Eins og fram kemur í minnisblaði Stefáns Gíslasonar (Stefán Gíslason 2021) ræðst það m.a. af stöðu nýrrar tegundar í fæðuvefnum, samkeppni við aðrar tegundir um fæðu og búsvæði, afráni og afkomumöguleikum. Í fyrirspurn um matskyldu (Verkís 2021) er ekki metin möguleg áhrif laxa á vistkerfi Norðlingafljóts til lengri tíma.


Í meðfylgjandi gögnum kemur einnig fram að u.þ.b. 900 km, sem eru um þriðjungur af fiskgengum svæðum í ám hér á landi, hafa verið opnuð með fiskvegum. Litlar rannsóknir hafa verið gerðar á hugsanlegum áhrifum á lífríki þeirra fjölmörgu svæða sem opnuð hafa verið. Hafa þarf í huga að væntanlegar breytingar með opnun fiskvegur við Barnafoss hafa að markmiði að gera laxgengt á ófiskgengt svæði sem hefur verið nýtt af laxi um allnokkurt skeið með seiðasleppingum og flutningi laxa til veiða. Hluti þeirra hafa hrygnt á svæðinu og seiði alist þar upp þótt gönguhindrun hafi komið í veg fyrir að fullorðnir fiskar nái að ganga þangað aftur. Í því ljósi má búast við að áhrif laxa á vistkerfið hafi að minnsta kosti að hluta til komið fram nú þegar. Ofan við Bjarnafoss verður Norðlingafljót án áhrifa frá þessum framkvæmdum. Gera má ráð fyrir að áhrif á lífríki Norðlingafljóts neðan Bjarnafoss séu að mestu eða öllu leyti afturkræf, ef fiskveginum væri lokað síðar.

Í ljósi þess sem að framan hefur verið rakið er það mat Hafrannsóknastofnunar að umhverfismat á framkvæmdinni muni ekki bæta veigamiklum atriðum við fyrirliggjandi þekkingu. Vert væri þó að fá nánari upplýsingar um núverandi lífríki Norðlingafljóts, til viðmiðunar, ef í framtíðinni verður farið í rannsóknir á áhrifum laxa á vistkerfi Norðlingafljóts.

Sem rannsóknastofnun hefur Hafrannsóknastofnun ekki með höndum neinar leyfisveitingar sem framkvæmdin er háð.

Samkvæmt 33. gr. laga um lax og silungsveiði nr. 61/2006 er sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, háð leyfi Fiskistofu.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



---

**Heimildir:**

Verkís 2021. Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss. Náttúra og samfélag með sjálfbærni að leiðarljósi. Fyrirspurn um matskyldu, dagsett 14. September 2021

Sigurður Már Einarsson. 2001. Norðlingafljót í Borgarfirði. Mat á framleiðslugetur fyrir lax. Veiðimálastofnun. VMST-V/0001. 25 bls.

Sigurjón Rist. 1990. Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. 248 bls.

Stefán Gíslason. 2021. Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss. Minnisblað um sjálfbærni framkvæmdarinnar m.t.t. vistfræðilega, efnahagslegra og félagslegra þátta. Environice, júlí 2021. 8. bls.

Tumi Tómasson. 1978. Athugun á Norðlingafljóti 1-2/8 1978. Veiðimálastofnun. 3 bls.



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

8. nóvember 2021

### Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar sem barst með tölvubréfi þann 30. september 2021 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlitsins um ofangreinda framkvæmd.

Áður en framkvæmdir eru gerðar þar sem áhrifa getur gætt á ám, ber að rannsaka ána m.t.t reglugerðar um 796/1999 um varnir gegn mengun vatns sbr. 8 gr. þar sem ómögulegt er að spá um áhrif ef grunnrannsókn liggur ekki fyrir. Ágætar rannsóknir eru um fisk í Hvítá en minna verið rannsakað annað lífríki og eðlisefnafræði vatnsins. Þetta á við bæði ofan og neðan við Barnafoss. Spyrja mætti hvaða áhrif hefur það að hleypa laxi inn á nýtt búsvæði á það lífríki sem er þar fyrir. Þá þarf framkvæmdin að vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnsmála sjá einkum sjá einkum 3. og 4. kafla.

Gera þarf grein fyrir mótvægisáðgerðum til að koma í veg fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á lífríki árinna s.s. vegna jarðvegs og uppleystra efna sem kunna að berast í vatnið á vinnslutíma. Þá virðist vera nokkur áhætta varðandi opnun ganganna og áhrif sem sú sprenging kanna að hafa í ánni og einnig gagnvart útiliti svæðisins sem heyrir þá undir náttúruverndarlög.

Undirritaður telur að ofangreind atriði kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Verði af framkvæmdinni þá yrði hún stafsleyfisskild hvað varðar vinnubúðir (svefnskála, fráveitu, eldhús, neysluvatn). Geymslu og dreifingu á olíu. Þá þarf betur að gera grein fyrir staðsetningu athafnasvæðis s.s. með tilliti til fjarlægðar frá ánni. Þá má geta þess að ef um nýja vegagerð er að ræða þarf efni að koma úr námum sem hafa til þess starfsleyfi.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Narfason,  
Framkvæmdasjóri.



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

26. nóvember 2021  
nr. erindis 2109193/DG

**Efni: Umsögn Borgarbyggðar vegna „Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss“ í samræmi við 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags 30. september 2021 þar sem óskað er umsagnar Borgarbyggðar hvort ofangreind framkvæmd sé háð umhverfismati að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt er gerð grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Sveitarfélagið lagði máli fyrir tvær nefndir umhverfis- og landbúnaðarnefnd og skipulags- og byggingarnefnd. Málið er mjög umdeilt og ekki samhljómur innan nefndanna um afgreiðsluna. Sveitarfélagið lagði ekki mat á hvort krafa skuli verða gerð um breytingu á gildandi skipulagsáætlun á svæðinu og vísar því til Skipulagsstofnunar hvort heimilt sé að ráðast í framkvæmdina án þess.

Málið var tekið fyrir í umhverfis- og landbúnaðarnefnd á fundi nr. 27 þann 21. október 2021 þar sem bókað var:

*„Meirihluti Umhverfis- og landbúnaðarnefndar telur að framkvæmd við fiskveg í jarðgöngum við Barnafoss sé þess eðlis að hún þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 111/2021, sbr 2. viðauka.*

*Fulltrúar Framsóknarflokksins í Umhverfis- og landbúnaðarnefnd telja að miðað við framlagðar skýrslur og gögn, muni framkvæmdin ekki þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 111/2021.“*

Málið var tekið fyrir í skipulags- og byggingarnefnd á fundi nr. 29 þann 05. nóvember 2021 þar sem bókað var:

*„Hraunfossar og Barnafoss eru innan verndarsvæðis, friðlýstar náttúruminjar á Náttúruminjaskrá og skilgreindar í Aðalskipulagi Borgabyggðar 2010-2022 (NF4). Aðdráttarafl svæðisins er mikið hvað varðar ferðamenn og gesti og telur sveitarfélagið það lykilatriði að gildi og staða svæðisins rými ekki.*




*Skipulags- og byggingarnefnd telur að umrædd framkvæmd, eins og hún er sett fram í meðfylgjandi gögnum hafi ekki neikvæð áhrif á ofangreinda þætti og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.*

*Þau leyfi sem framkvæmdaraðili þarf að afla sér og eru á hendi sveitarfélagsins er framkvæmdaleyfi og stöðuleyfi.*

*Samþykkt með meirihluta atkvæða GE, SG og LS. Hjá sitja OJ og GFK.“*

Sé frekari upplýsinga óskað má hafa samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,



Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar



Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 13. desember 2021  
Tilv. 2021-09-30-2515/2.3.1

Efni: Varðar fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss

Með tölvupósti þann 30. september s.l. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda í tengslum við fyrirhugaðan fiskveg í jarðgöngum við Barnafoss. Markmið með fyrirhugaðri framkvæmd er að í framtíðinni verði sjálfbær laxastofn í Norðlingafljóti, en í dag kemst göngufiskur ekki upp fyrir Barnafossa. Laxastigi við Barnafossa mun opna fyrir göngu laxa upp í Norðlingafljót upp að Bjarnafossi (21 km). Fram kemur í fram lagðri fyrirspurn að náist það markmið að nýta umtalsverða framleiðslugetu Norðlingafljóts með sjálfbærum hætti gæti laxveiði á Íslandi aukist í framtíðinni um 2-3% á ári

Framkvæmdin, eins og henni er líst, myndi hafa jákvæð áhrif á fiskigengd upp í Norðlingafljót og gæti skapað mikla möguleika og verðmæti vegna laxveiði þar. Framkvæmdin fellur því ágætlega að markmiðum laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 um: "...skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra". Laxgengd mun líklega hafa neikvæð áhrif á skilyrði fyrir staðbundna stofna bleikju og urriða sem fyrir eru milli Barnafossa og Bjarnafoss (vegna samkeppni). Þau áhrif yrðu þó líklega afturkræf.

Fiskistofa bendir á að aðeins veiðifélög geta fengið leyfi til þess að byggja fiskveg, í samræmi við 1. mgr. 34. gr. laga um lax og silungsveiði: "[Fiskistofa] <sup>1)</sup> getur, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar], <sup>2)</sup> heimilað veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, að gera fiskveg eða önnur sambærileg mannvirki í vatni eða meðfram vatni. Þar sem ekki er starfandi veiðifélag þarf ósk um slíkt að koma frá a.m.k. 2/ 3 veiðiréttarhafa."

Jafnframt bendir Fiskistofa á að ef gerður yrði fiskvegur á svæðinu myndi það kalla á endurskoðun á umdæmi veiðifélaga og mögulega sameiningu, í samræmi við 3. mgr. 38. gr. laganna: "Ef veiði hefst fyrir eða á landi fasteignar, sem liggur að fiskihverfi veiðifélags en er utan félagssvæðis, skal sú fasteign tilheyra félagssvæðinu, og er viðkomandi veiðiréttarhafa skylt að gerast félagi."

Fram kemur í fram lagðri fyrirspurn um matsskyldu að Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts hafi unnið að fimm ára fiskræktaráætlun og að hafið sé eldi á laxaseiðum af Kjarrár/vesturlandsstofni til sleppinga í Norðlingafljót. Fiskistofa bendir á að öll fiskrækt er háð því að fyrir liggja staðfest fiskræktaráætlun en um fiskrækt fer samkvæmt lögum nr. 58/2006 um fiskrækt. Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts hefur ekki lagt fram fiskræktaráætlun til Fiskistofu.



**FISKISTOFA**  
TRAUST - FRAMSÆKNI - VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Miðað við forsendur í fyrirliggjandi gögnum telur Fiskistofa því ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, m.t.t. mögulegra áhrifa framkvæmdarinnar á lífríki í vatni eða aðstöðu til veiði.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóhönnu H. Einarsdóttur  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 7.1.2022  
Tilvísun: 202109-0042  
LA, IAS, SS  
SS

**Efni: Matsskylda framkvæmdar fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss. Viðbrögð við svörum framkvæmdaraðila.**

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 15. desember 2021, þar sem óskað er eftir viðbrögðum Náttúrufræðistofnunar Íslands við svörum framkvæmdaraðila við umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldu framkvæmdar fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss sem var send til Skipulagsstofnunar 27. október 2021.

Ýmsum spurningum og athugasemdum sem komu fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar hefur verið svarað af framkvæmdaraðila en enn eru nokkur óvissuatriði til staðar.

Ljóst er að frekari rannsókna á jarðfræði svæðisins er þörf til að hægt sé að skera úr um hvernig eða hvort mögulegt sé að fara í fyrirhugaða framkvæmd með fiskveg í jarðgöngum. Í þessu sambandi er fyrirhugað að bora tvær kjarnaholur á jarðgangnasvæðinu til að kanna jarðlög, en nákvæm staðsetning holanna liggur ekki fyrir. Kjarnaborun krefst þess að útbúið sé athafnasvæði eða borplan fyrir bortæki og starfsmenn. Þessi framkvæmd við rannsóknarborun verður innan friðlýsta svæðisins og veldur raski á yfirborði. Taka þarf tillit til þeirra umhverfisáhrifa sem rannsóknarborunin hefur og meta hvort hægt sé að kanna jarðfræði svæðisins á annan hátt. Þá hefur einnig komið fram að kanna þarf veikleika í bergi en ekki er greint frá hvernig að því verður staðið.

Þó að fyrirhuguð framkvæmd á fiskveg um jarðgöng byggi fyrst og fremst á þessum tveimur rannsóknarholum er ýmsu enn ósvarað er varðar fiskveginn sjálfan. Fjallað er um sjálfvirkan opunarbúnað en ekki kemur fram hvort hann sé rafdrifinn og hvort að leggja þurfi rafstreng að svæðinu. Þá getur Náttúrufræðistofnun ekki tekið undir að fiskvegurinn komi ekki til með að sjást innan friðlandsins þ.e. op jarðganga út í Hvítá, steipt brik út á sylluna til að stýra vatnsrennsli og aðgengisop starfsmanna að göngunum. Þar að auki er gert ráð fyrir að inntaksop verði hulið grjóti og gróðri sem er manngert inngríp innan friðlandsins.


Hraunfossar og Barnafoss í Hvítá voru friðlýstir árið 1987. Í auglýsingu um reglur friðlýsta svæðisins kemur fram að mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu, er háð leyfi Umhverfisstofnunar og að óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.



Fyrirhuguð framkvæmd er innan þessa friðlýsta svæðis og erfitt er að sjá að hún sé þess eðlis að brýnir samfélagslegir hagsmunir krefjist hennar. Framkvæmdin mun raska náttúrufari hvort sem það verður sýnilegt eða hulið með manngerðum aðgerðum. Ef Umhverfisstofnun gefur tilskilin leyfi fyrir rannsóknarborun og sjálfri framkvæmd jarðganga, er mikilvægt að gerð sé krafa um sérstakt eftirlit með framkvæmdinni skv. 76. gr. náttúruverndarlaga.

Mjög mikilvæg er sú staðreynd að staðsetning framkvæmdarinnar er innan friðlýsts svæðis og það hlýtur að veða þungt við ákvörðun um matsskyldu. Mat á umhverfisáhrifum gefur betra rými til að eyða allri óvissu um áhrif og eðli framkvæmdar og gefur tækifæri til ítarlegri umræðu um tilgang framkvæmdarinnar. Mikið er í húfi þar sem stærð og gerð friðlýsta svæðisins, og náttúruminjanna sem þar eru verndaðar, eru þess eðlis að lítið svigrúm er fyrir óvissu eða skekkju í áhrifamati. Náttúrufræðistofnun Íslands er því enn á þeirri skoðun að framkvæmdin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar  
Náttúrufræðistofnun Íslands

Agnes Þorkelsdóttir <agnes.thorkelsdottir@umhverfisstofnun.is>

---

**Til** : Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS  
**Frá** : Agnes Þorkelsdóttir <agnes.thorkelsdottir@umhverfisstofnun.is>  
**CC** : Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>; Sigríður Skaftadóttir <sigridur.skaftadottir@umhverfisstofnun.is>  
**Heiti** : Viðbrögð UST  
**Málsnúmer.** : 202109050  
**Málsaðili** : Verkís hf  
**Skjalategund** : Innkomið skjal  
**Skráð dags** : 10.1.2022  
**Höfundur** : Agnes Þorkelsdóttir <agnes.thorkelsdottir@umhverfisstofnun.is>

### Viðhengi

[image001.png](#)

Sæl Jóhanna,

Umhverfisstofnun hefur farið yfir svör framkvæmdaraðila við umsögn stofnunarinnar um fiskveg í jarðgöngum við Barnafoss og telur ekki ástæðu til að breyta afstöðu stofnunarinnar til matskyldu framkvæmdarinnar.

### Bestu kveðjur, Best regards

Agnes Þorkelsdóttir  
Sérfræðingur  
Svið efna, starfsleyfa og veiðistjórnunar



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland  
Sími / Phone: +354 591 2000  
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

**Þorsteinn Narfason** <thorsteinn@hev.is>

---

**Til** : Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS  
**Frá** : Þorsteinn Narfason <thorsteinn@hev.is>  
**Heiti** : Viðbrögð HEV - fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss  
**Málsnúmer.** : 202109050  
**Málsaðili** : Verkís hf  
**Skjalategund** : Innkomið skjal  
**Skráð dags** : 17.1.2022  
**Höfundur** : Þorsteinn Narfason <thorsteinn@hev.is>

### Viðhengi

[image001.jpg](#)

Sæl Jóhanna Hrund

Heilbrigðiseftirlitið telur eftir að hafa kynnt sér svör framkvæmdaaðila að framkvæmdin þurfi eftir sem áður að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Í umfjöllun framkvæmdaaðila um grunnástand í Hvítá eru engar upplýsingar um rannsóknir á lífríki aðeins vatnafræðilegar upplýsingar. Þó svo að laxfiskum hafi verið sleppt ofan við fyrirhuguð göng er ekki unnt að fullyrða að áhrif hafi þegar komið fram þar sem engar rannsóknir eru til um þetta atriði. Mögulega mætti nýta sér rannsóknir sem gerðar hafa verð á lífríki við sambærilegar aðstæður.

Með vísun í reglugerð um varnir gegn mengun vatns í umsögn Heilbrigðiseftirlits vildi undirritaður vekja athygli á að flokkun árinna hefur ekki farið fram og langtímamarkmið ekki sett fyrir ána það er því ekki unnt að segja til um með vísindalegum hætti hvaða áhrif framkvæmdin mun hafa á ána, það er ekki unnt nema rannsóknir á grunnástandi séu framkvæmdar áður en framkvæmdir hefjast. Rannsóknir þurfa að fara fram á efna og eðlisfræðilegum þáttum og á líffræðilegum þáttum. Slíkar rannsóknar getu verið hluti af mati á umhverfisáhrifum.

Varðandi vísun í lög um stjórn vatnamála þá er það gildandi löggjöf hvað sem öðru líður. Hér er um framkvæmd sem nýtir vatn og því fellur framkvæmdin undir löggjöfina.

Heilbrigðiseftirlitið vill upplýsa um að starfsmannabúðir og starfsmannabústaðir eru starfsleyfis skyldar skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 og jarðborun er starfsleyfis skyld skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnareftirlit.

Áætlað er að um 3.500 m<sup>3</sup> af jarðefnum falli til vegna framkvæmdanna. Efnið verður fært í gryfjur í landi Hraunsáss eða Stóra Áss, gera þarf betur grein fyrir þessu þar sem upplýst er að ekki eigi að haugsetja efnið. Ef um landmótun er að ræða gæti það einnig talist starfsleyfis skyld framkvæmd skv. reglugerð um meðhöndlun úrgangs og ef til vill r. 550/2018.

Framkvæmatími er um hávetur. Heilbrigðiseftirlitið telur nauðsynlegt í mati á umhverfisáhrifum verði lagt fram áhættumat enda sá tími þar sem mest hætta er á mengun vegna t.d. umferðar, Planið sem er kynnt er lagt upp fyrir bestu aðstæður en nauðsynlegt er að gera grein fyrir hvaða áhrif t.d. dráttur á framkvæmdum hefði á verkefnið m.t.t. öryggissjónarmiða. Ferðamenn eru á ferðinni allt árið og þarf að gera ráð fyrir því.

Heilbrigðiseftirlitið telur að fjarlægð athafnasvæðis 30 m. sé afar stutt með tilliti til mögulegrar mengunar í ánni og að fjalla þurfi um þetta betur í áhættumati.

Kveðja

Þorsteinn Narfason,  
framkvæmdastjóri.  
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
Innri mel 3, 301 Akranes